



Aðalfundur Hestamannafélagsins Sprettis 17. nóvember 2016.

Fundur hófst kl. 20:10

Fundarstaður: Samskipahöll Sprettis

Dagskrá aðalfundar er:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formaður leggur fram og kynnir skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða af skoðunarmönnum félagsins.
5. Lagabreytingar, skv. 20. gr.
6. Kosning aðalstjórnar skv. 6. gr.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr.
8. Kosning í nefndir skv. 17. gr
9. Ákvörðun félagsgjalds
10. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal lögð fram
11. Önnur mál, sem félagið varðar

1. Formaður félagsins, Sveinbjörn Sveinbjörnsson bauð félagsmenn velkomna og setti fundinn.

2. Sveinbjörn leggur til að Kristinn Hugason sem fundarstjóra og Rögnu Emilsdóttur sem fundarritara. Samþykkt einróma.

Kristinn tók við fundarstjórn og þakkar traustið sem honum er sýnt.

Kristinn býður Sæmundi Runólfssyni formanni Freymarsfélagsins orðið

Formaður Freymarsfélagsins tók til máls og ásamt nokkrum stjórnarmönnum færði félaginu glæsilegt ræðupúlt að gjöf frá Freymarsfélaginu.

3. Kristinn bauð Sveinbirni formann félagsins velkominn í pontu á ný og flutti hann skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári sem eru 12 mánuðir að þessu sinni.

Sveinbjörn rakti störf stjórnar félagsins í stórum dráttum en verkefni hennar voru fjölmörg á síðasta ári og hélt stjórn fundi á tveggja vikna fresti og urðu fundir á þessu starfsári yfir 30.

Eitt af fyrsta verkefni stjórnar var að sækja um Landsmót og var í Janúar 2016 haldinn fundur með stjórn LH ásamt íþróttafulltrúm bæjarfélagana og niðurstaðan varð sú að Sprettur heldur Landsmót 2022.

Formaður kynnti lítilega nýtt rekstarfyrirkomulag á Landsmóti.

Stjórn vildi einnig auka sýnileika Spretts gagnvart bæjarfélögunum enda segir í lögum félagsins meðal annars í 2 gr. „Markmið félagsins er að efla áhuga á hestum og hestaíþróttum”. Þetta fólst

meðal annars í því að auka umfjöllun og auglýsingum í bæjarblöðunum.

Félagsmenn í Spretti eru nú 1302 og hefur fjölgun þeirra numið 20% á þessu ári.

Formaður hvetur alla þá sem eru á svæði Sprettis að gerast félagsmenn.

Formaður gerði grein fyrir þætti umhverfismála á síðasta starfsári.

Sérstaklega minntist formaður á umgengni og frágang á heyrúllum enda hefur slíkt skapað slysaþættu.

Formaður kynnti lítilega nýtt fyrirkomulagi á þjónustu við félagsmenn vegna afhendingu á heyi en þetta verður nánar kynnt síðar.

Vinna við uppgræðslu og landfyllingu hefur verið á félagssvæði og er gróðursetning fyrirhuguð á næstunni.

Samskipti við sveitarfélögin hafa verið mikil á árinu vegna hinna ýmsu erinda svo sem vegna úthlutun á lóðum og umhverfismálum.

Frá Spretti sóttu 15 fulltrúar 60. þing LH að þessu sinni.

Vandaður undirbúningur þingfulltrúa Sprettis skilaði sér en alls voru sendar inn 10 tillögur frá Spretti sem flestar hlutu samþykki.

Því var veitt eftirtekt á þinginu hversu samstíga fulltrúar Sprettis voru í kosningum á þeim málum sem komu til afgreiðslu en þingfulltrúar tóku afstöðu til allra þeirra mála sem tekin voru fyrir á þinginu.

Félagshesthús var starfrækt síðastliðinn vetur og leigðu 6 ungmenni pláss og fyrirhugað er að gera slíkt hið sama á komandi vetri.

Nefndir félagsins hafa starfað að gríðalegum krafti eins og gjöf Freymarsfélgsins sýnir glögglega og ljóst að mikill kraftur er í félagsmönnum en styrkur félagsins felst einmitt í þeim mannauði sem félagið býr yfir.

Formaður vill nota tækifærið og þakka öllu þeim lagt hafa hönd á plóg í félagsstarfinu kærar þakkir fyrir óeigingjarnt starf.

Stjórn félagsins festi kaup á nýju bókhaldskerfi sem er liður í því að framkvæmdarstjóri og stjórn fái betri yfirsýn yfir fjármál félagsins.

Formaður leggur áherlsu á það að nefndir félagsins geri skilgrein á þeim viðburðum félagsins sem þær standa fyrir.

Landsmót byrjaði hjá okkur í gæðingamóti Spretts og fóru 9 efstu í hverjum flokki inn á mótið.

Árangur frábær var frábær, 11 Sprettarar í úslitum og Sprettur eignaðist 2 Landmótsigurvegara:

Hafþór Hreiðar Birgisson sigraði unglingsflokk á Villimey frá Hafnarfirði

Stóðhesturinn Nökkvi frá Syðra-Skörðugili sigraði B flokk gæðinga, knapi var Jakob Svavar Sigurðsson

Fyrirkomulag fyrir reiðhallir Sprett og lyklakerfi kynnt en gjald fyrir skuldlausu félagsmenn verður 2000 á komandi vetur en 15000 fyrir atvinnumenn.

Fyrirhugað er að setja upp lyklakerfi í Hattarvallahöllinni.

Útleiga á veislusal Spretts hefur gengið vel og eru nú þegar nær allar helgar bókaðar fyrir næsta sumar. Fest voru kaup á tveimur skjávörpum í salinn sem mælst hefur vel fyrir og var leiguverð hækkað samhliða.

Formaður fór næst yfir þá vinnu sem stjórnin hefur verið að vinna að varðandi fjármál félagsins á síðasta starfsári en áherslur hafa verið að á aðhald í rekstri ásamt því að auka tekjur.

Óvissuþættir í rekstri eru meðal annars niðurstaða í dómsmáli við arkitekt að reiðhöllinni en aðalmeðferð verður þann 29. Nóvember.

Drög að dagskrá vetrarins liggur nú fyrir á heimasíðu félagsins og eru félagsmenn hvattir til þess að að fylgjast með því fjölmargir viðburðir eru framundan m.a úrtaka fyrir heimsmeistarmót.

Sjá nánar í glærupakka frá aðalfundi.

Fundarstjóri þakkaði Sveinbirni fyrir greinagóða skýrslu og bauð félagsmönnum orðið ef einhverjar fyrirspurnir eða frekari útskýringa væri óskað – ekki komu neinar fyrirspurnir úr sal.

4. Kristinn bauð Berglinni Guðmundsdóttur gjaldkera félagsins orðið.

Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins til samþykktar.

Félagslega kjörnir skoðunarmenn hafa yfirfarið reikningana.

Gjaldkeri fór yfir helstu tölur efnahagsreiknings og rekstrarreiknings fyrir 12 mánuði ársins 2016 (01/10/16 – 30/09/16)

Reikningar félagsins með skýringum lágu frammi á borðum fyrir fundarmenn.

Rekstrarreikningur í þús. Króna:

Rekstrartekjur	58.969
Rekstrargjöld	-48.417
Fjármunatekjur	52
Fjármagnsgjöld	-4.181
Afkoma	6.423

Rekstrartekjur í þús. Króna:

Greidd félagsgjöld	5.733
Mótahald og námskeið	18.512
Rekstrarstyrkir	16.161
Leigutekjur og styrkir	18.564
Afkoma	58.969

Rekstrargjöld í þús. Króna:

Laun og verktakagreiðslur	11.088
Mótahald og námskeið	16.656
Rekstur eigna	17.034
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.305
Framlag til LH	1.107
Annar rekstrarkostnaður	1.227
Samtals gjöld	48.417

Efnahagsreikningur

Varanlegir rekstrarfjármunir	222.172
Langtímakröfur	528.258
Skammtímakröfur	16.435
Handbært fé	59
	766.925
Annað eigið fé	729.625
Skammtímaskuldir	37.300
	766.925

Fundarstjóri bauð fundarmönnum upp á fyrirspurnir en ekki bárust neinar.

Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.

Reikningar félagsins og skýrsla stjórnar fyrir árið 2016 samþykkt einróma.

5. Lagabreytingar skv. 20. gr.

Stjórn Spretts lagði fram eftirfarandi tillögu til breytinga á lögum félagsins. Þessi breyting felur ekki í sér efnislega breytingu heldur einungis formbreytingu:

20.gr.

Lögum félagsins verður ekki breytt, nema á aðalfundi, þar sem mættur er minnst 10% hluti lögmætra félagsmanna, og 2/3 hlutar greiddra atkvæða samþykkja breytinguna. Mæti of fáir, skal boða til framhaldsfundar og öðlast þá tillögur til lagabreytinga gildi ef 2/3 hlutar fundarmanna samþykkja þær, án tillits til fundarsóknar. Lagabreytingar, sem félagar kunna að vilja bera fram, skulu berast

stjórninni fyrir lok janúar ár hvert og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins og skal geta þeirra í fundarboði.

Tillaga að breytingu:

Lögum félagsins verður ekki breytt, nema á aðalfundi, þar sem mættur er minnst 10% hluti lögmætra félagsmanna, og 2/3 hlutar greiddra atkvæða samþykkja breytinguna. Mæti of fáir, skal boða til framhaldsfundar og öðlast þá tillögur til lagabreytinga gildi ef 2/3 hlutar fundarmanna samþykkja þær, án tillits til fundarsóknar. Lagabreytingar, sem félagar kunna að vilja bera fram, skulu berast stjórninni fyrir lok september ár hvert og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins og skal geta þeirra í fundarboði.

Fundur samþykkir einróma breyting

6. Skv. lögum félagsins fór fram kosning til stjórnar.

Kosið var um þrjú stjórnarsæti. Að þessu sinni gengu úr stjórn félagsins Hermann Vilmundarson, Ragna Emilsdóttir og Sigurður Tyrfingsson en þau gáfu öll kost á sér til áframhaldandi setu í tvö ár.

Fundarstjóri óskaði eftir öðrum framboðum en ekki gáfu aðrir kost á sér.

Allir frambjóðendur kosnir einróma með lófataki.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara skv. 6. gr.

Jóhanna Elka Geirsdóttir og Geirprúður Geirsdóttir voru einróma kjörnar skoðunarmenn reikninga. Guðmundur Hagalínsson og Þorsteinn Ragnarsson voru kosnir skoðunarmenn til vara.

8. Kosning í nefndir skv. 17. gr.

Lagði fundarsjóri til þá breytingu á þessum lið þar sem stjórn skipar í nefndir en margar nefndanna hafa þegar hafið störf. Þá upplýsti fundarstjóri að þeir sem áhuga hafa á að starfa með nefndum félagsins gefi sig fram við framkvæmdastjóra Spretts.

Fundarmenn gerðu ekki athugasemd við þessa leið við kjör í allar nefndir félagsins.

Fundarstjóri þakkaði það ötula nefndarstarf sem er í Spretti en það drífur fram og er undirstaða félagsins.

9. Ákvörðun félagsgjalds 2017. Stjórn Spretts leggur fram tillögu að hækkun félagsgjalda í 13.000 á komandi starfsári sem meðal annars er vegna aukins framlags til LH.

Óskað er eftir viðbrögðum og fyrirspurnum úr sal.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson óskar eftir skýringum á því aukna gjaldi sem LH leggur á.

Á síðasta landsþingi kom fram tillaga um aukið framlag til LH vegna markaðsetningu og kynningu á íslenska hestinum sem fram fer á heimsvísu sem fyrirhugað er yfir 3 ára tímabil sem Íslandsstofa sér um og heitir „Horses of Iceland“.

Til að fjármagna þetta verkefni leitar LH til aðildafélaga þar sem LH býr ekki yfir gildum sjóðum sem hægt er að leita í en að auki leggur íslenska ríkið fram „krónu á móti krónu“.

Formaður tók til máls að auk þessa gjalds skapar þessi hækkun auknar tekjur til félagsins.

Upphaflega var stefna félagsins að selja Hattarvalla höllina en fallið var frá þeim áætlunum enda höllin mjög mikilvæg í félagsstarfi Spretts.

Úr sal barst hugmynd frá Berki Hólmgæirssyni um frjáls framlög félagsmanna sem vilja styrkja starf félagsins til dæmis með beinum fjárstyrk, að styrkja einstök verkefni eða framkvæmdir.

Hækkun á félagsgjöldum er samþykkt samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Fundarstjóri býður gjaldkera í pontu til að kynna fjárhagsáætlun félagsins frá 1. okt. árið 2016 til 30. Sept 2017. og gaf gjaldkera orðið.

Gjaldkeri gerði grein fyrir rekstraráætlun/fjárhagsáætlun.

	Áætlun 2016/2017	Raun 2015/2016
Rekstrartekjur:		
<u>Félagsgjöld</u>	6.000	5.733
<u>Mótahald og námskeið</u>	18.000	18.512
<u>Rekstrarstyrkir</u>	18.000	16.161
<u>Leigutekjur og styrkir</u>	19.000	18.563
<u>Aðrar tekjur</u>		
	<hr/>	<hr/>
	61.000	58.969
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld	12.000	11.088
Mótahald og námskeið	16.500	16.656
Rekstur eigna	18.000	17.034
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.500	1.305
Framlag til LH	1.500	1.107
Annar rekstrarkostnaður	1.000	1.227
	<hr/>	<hr/>
	50.500	48.417
Afkoma fyrir fjármagnsliði	10.500	10.552
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-3.500	-4.129
	<hr/>	<hr/>
Rekstrarafkoma	7.000	6.423

Fjárhagsáætlun/rekstraráætlun afgreidd án athugasemda.

11. Önnur mál.

Eftir stutt kaffihlé tók fundarstjóri til máls og minnti á mikilvægi þess að skrá sig á lista yfir þá félagsmenn sem mættir eru á aðalfund félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust og bauð félagsmönnum að stíga í pontu – ekki komu óskir um slíkt úr sal.

Fundarstjóri gaf Hermanni Vilmundarsyni orðið en á fundinum fór fram viðurkenningar til unga fólksins í félaginu ásamt því að heiðra Íþróttafólk Spretts 2016.

Í flokknum Besti keppnisárangur 2016 fengu eftirfarandi aðilar viðurkenningar:

Barnaflokkur stúlkur : Hulda María Sveinbjörnsdóttir

Barnaflokkur drengir : Haukur Ingi Hauksson

Unglingaflokkur stúlkur : Særós Ásta Birgisdóttir

Unglingaflokkur drengir : Hafþór Hreiðar Birgisson

Ungmennaflokkur stúlkur: Anna Bryndís Zingsheim

Hvatningaverðlaun

Veitt voru hvatningaverðlaun í barna- og unglingaflokki. Við val á einstaklingum er horft til áhuga, ástundun, framfara og til þátttöku í viðburðum félagsins, í keppni og námskeiðaðáttöku hjá félaginu. Einungis er hægt að hljóta þessi verðlaun einu sinni.

Hvatningaverðlaun 2015 hlutu:

Barnaflokkur - Guðný Dís Jónsdóttir

Unglingaflokkur - Hildur Berglind Jóhannsdótti

Íþróttakona Spretts 2016 er Bylgja Gauksdóttir

Íþróttamaður Spretts 2016 er Daníel Jónsson

Sprettur óskar öllu þessu frábæra íþróttafólki innilega til hamingju með góðan árangur á tímabilinu.

Fundarstjóri sagði orðið laust.

Águsta Halldórsdóttir skoraði á stjórn til að taka til skoðunar tillögu sem kom úr sal um frjáls framlög frá félagsmönnum enda gæti slíkt skilað félaginu tekjum.

Einnig kom úr sal spurning um hvernig stjórn sæi fyrir sér að fylgja eftir rúllumálum á félagssvæðinu.

Sveinbjörn svaraði og vísaði til þess að í bígerð væri aukið þjónustustig við félagsmenn vegna rúllumála sem yrði kynnt fljótlega.

Hannes Hjartarsson tók til máls og óskaði þeim til hamingju sem hlotið hafi viðurkenningar en einnig væri ástæða til þess að heiðra sérstaklega Magnús Benediktsson framkvæmdastjóra Spretts fyrir frábært starf með dynjandi lófataki og tóku fundarmenn hraustlega undir.

Fundarsjóri tekur heilshugar undir orð Hannesar og það sé mikill happafengur fyrir félagið að hafa öflugan framkvæmdastjóra.

Úr sal kom ábending um að lýsing vestan á félagssvæði sé mjög ábótavant og því fylgi mikil slysaætta og hraðakstur um félagssvæði sé mikill.

Sigurður Helgi Ólafsson tók undir og bætti við að víða vanti lýsingu á félagssvæði til dæmis við umferðagötu, sérstaklega við gangbraut. Tryggja verði öryggi félagsmanna og barna sérstaklega.

Hermann Vilmundarson bað um orðið. Hann kom á framfæri að fyrirhugað væri bæta úr þessum málum.

Pröstur Gestson tók undir orð um lýsingu og minntist á frágang við byggingar og hesthús auk þess sem að holur eru séu við reiðvegi sem skapi hætti.

Einnig verði hundaeigendur að hirða upp eftir hunda sína, hverfið er orðið sóðalegt og víða úrgangur og þessu verði að bæta af eigendum.

Að auki sé hraðakstur um félagssvæði mikill.

Formaður svarar um hraðakstur því til um hraðakstur að eftir opnum Fífilhvammsvegur séu áætlanir um að rjúfa „flóttamannleð“ og þar með minnka umferð um hverfið. Leitað verður frekari viðbragða frá Kópavogsbæ.

Varðandi holur þá eru gróðursetningar í gangi á félagssvæði.

Formaður minnir á mikilvægi þess að allir gangi vel um félagssvæði hvort sé um að ræða hunda eða annað og virða beri reglur félagsins.

Börkur Hólmgeirsson spyr: Eru áform um að lengja Andvarahring?

Formaður svarar að enn sé uppbygging á félagssvæði þar sem ekki er búið að úthluta öllum lóðum. Garðabær er að undirbúa útboð á þessum lóðum.

Í framhaldi af því má gera ráð fyrir að hringur breytist.

Gunnar Már Þórðarson spyr um uppsetningu og framkvæmdir á völlum og þá slyshættu sem skapaðist meðal annars vegna umferðar um reiðvegi og félagssvæði af flutningabílum.

Formaður svarar að framkvæmdum sé lokið og slyshætta ekki lengur til staðar.

Þórdís Gylfadóttir spyr um fyrirætlanir félagsins um rekstrarhring.

Formaður svarar að slíkt væri mjög heppilegt en heppilegt en til þess að það sé framkvæmanlegt þá þarf að setja upp gerði við Samskipahöllina o.s.frv.

Aðrar fyrirspurnir bárust ekki.

Fundarstjóri þakkaði fundarsetu og góða og málefnalegar umræður.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 21:50

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir